

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag, Tungubakki 1, L238041, og Tungubakki 2, L238042, skilgreining lands.

Um er að ræða nýtt deiliskipulag sem tekur til Tungubakka 1, L238041 og Tungubakka 2, L238042. Í deiliskipulaginu felst að byggingarreitir eru skilgreindir á hvorri lóð þar sem heimilt er að reisa íbúðarhús að hámarki 300 fm. Auk þess er heimilt að reisa bílskúr og gestahús ásamt skemmu/geymslu. Hámarksbyggingarmagn er 500 fm með íbúðarhúsi og hámarksænishæð er 5,5 m. Aðkoma að lóðunum er frá Einhóltsvegi. Umsagnir bárust á kynningartíma og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt uppfærðum gögnum og fornleifaskráningu.

Samþykkt í sveitarstjórn 4. febrúar 2026.

Deiliskipulagsbreyting, Laugarvatn, Fontana, afmörkuð bílastæðalóð, Lindarbraut 9.

Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi þéttbýlisins á Laugarvatni í Bláskógabyggð. Afmörkuð er ný lóð milli Lindarbrautar 7a-7b og Hverabrautar 1. Lóðin fær staðfangið Lindarbraut 9. Innan lóðar eru bílastæði. Ekki eru heimilaðar byggingar á lóðinni.

Samþykkt í sveitarstjórn 26. júní 2026.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 9. júlí 2026.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,
Sigríður Kristjánsdóttir.

B deild - Útgáfudagur: 23. júlí 2026